

FÆREYSKT TÓNLISTARÆVINTÝRI ER KOMIÐ ÚT Á ÍSLENSKU



Kári Bæk, Janus á Húsagarði og Rakel Helmsdal með barnabókina góðu sem er svo ríkulega myndskreytt.

Misskilningur skapar sögu

FÆREYSKA TÓNLISTARÆVINTÝRIÐ VEIÐA VIND VARÐ TIL Í SAMSTARFI RITHÖFUNDAR, MYNDLISTARMANNS OG TÓNSKÁLDS. ÞESSI FALLEGA BÓK ER KOMIN ÚT Í ÍSLENSKRI ÞÝÐINGU ÞÓRARINS ELDJÁRNS.

Veiða vind er einstaklega falleg færeysk barnabók sem nýlega kom út hjá Forlaginu í þýðingu Þórarins Eldjárns. Veiða vind er tónlistarævintýri þriggja

Færeyinga: **Rakelar Helmsdal** sem skrifaði söguna, **Janusar á Húsagarði** sem gerði myndirnar og tónskáldsins **Kára Bæk** sem samdi tónlist sem fylgir með á geisladiski ásamt upplestri **Benedikts Erlingssonar** á sögunni. Sagan segir frá ævintýrum litlabróður og við sögu koma álfastelpa, grimmur björn, háfleygur örn og dreki.

Upphafið að gerð bókarinnar má rekja til þess að Sinfóníuhljómsveitin í Færeyjum hafði

samband við Kára og það hann að semja tónverk fyrir börn og saga átti að fylgja með. „Ég fékk að velja rithöfund til að semja þá sögu,“ segir Kári. „Ég bað Rakel að skrifa sögu sem ég myndi síðan semja tónlist við.“

Sonur Rakelar var þriggja ára þegar hún skrifaði söguna og sá stutti hafði áhrif á framvindu hennar. „Á þessum aldri skilja börn ekki orð á sama hátt og við skiljum þau. Sonur minn er hrifinn af þjóðlögum og söng þau gjarnan og þá breyttist það að veiða hind í að veiða vind þannig að ég bjó til söguna út frá þessum misskilningi hans,“ segir Rakel, „Ég sýndi Janusi söguna og spurði hann hvort það væri ekki upplagt að gera myndir við hana.

Nokkrum dögum seinna kom hann til mín með uppkast að myndum. Í byrjun var sagan eingöngu samin fyrir tónleikana en ég fór til ritstjóra míns og sagði að það ætti að flytja söguna á tónleikum og kom með þá tilögu að hún yrði einnig að bók. Og þeirri hugmynd var hrint í framkvæmd.“

Tónleikarnir í Færeyjunum voru afar vel heppnaðir og Kári er spurður hvað hann hafi haft í huga við samningu tónlistar sem sérstaklega er hugsuð fyrir börn. „Tónlist sem er ætluð börnum verður að einkennast af einföldum laglínunum,“ segir hann, „og ég nýtti mér stef úr færeyskum þjóðlögum sem minnst er á í bókinni, eins og Ólafi riddarararós.“

Myndir **Janusar** í **Veiða vind** einkennast af mikilli litagleði. „Ég er hrifinn af litum,“ segir Janus, „en myndirnar sýna líka sumar nánasta umhverfi mitt; húsið og landslagið sem einkennast af fallegum litum.“

